

**Nr. 147 / 09 Grundfirðingur SH 24*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1202  
Smíðaður: Garðabæ 1972, Stál  
Stærð: 150,8 brl. 255 bt.  
Mesta lengd: 35,37 m Mesta lengd: 35,37 m  
Breidd: 6,7 m Dýpt: 5,55 m  
Vél: Caterpillar 578 kW, 1998  
Fjöldi skipverja: 12



Grundfirðingur©Þorgeir Baldursson

**Gögn:**  
Lögregluskýrslur

Málið afgreitt á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 12. september 2009 var Grundfirðingur SH 24 á línuveiðum á NV miðum. Veður: V 10 – 18 m/s, sjólítið.

Skipverji var að að blóðga fisk en við það fataðist honum handbragðið og skar hann sig illa í handarbakið á vinstri hendi. Sauma þurfti sárið og hann varð óvinnufær um tíma. Fram kom að skipverjinn hafi verið að flýta sér við vinnuna.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.